



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Þórunnartúni 1, mánudaginn 12. nóvember 2018 kl. 17:00-18:30.

Mætt: Jónatan Garðarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Þuríður Yngvadóttir
Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson,
Páll Ingbór Kristinsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Brynjólfur Jónsson
og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem tók fundargerð).

(Fundur nr. 3. frá Hellu)

Dagskrá fundar

- 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (15.10.)**
Samþykkt með smávægilegum breytingum.
- 2. Frekari verkaskipting stjórnar - skipað í nefndir o.fl.**
Þuríður Yngvadóttir er tilnefnd formaður Landgræðslusjóðs.
- 3. Ný skógræktarlög – umsögn**
Rætt var um frumvarp til laga um skóga og skógrækt. Ástæða er til að SÍ sendi athugasemdir og umsögn við frumvarpið sem sent verður til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis í síðasta lagi miðvikudaginn 15.11.
- 4. Samkomulag Skáta og SÍ um Úlfljótsvatn**
Farið var yfir fylgiskjöl við samkomulagið með aðstoð Laufeyjar og málin öll skýrð.
- 5. Undirbúningsnefnd fyrir 90 ára afmæli SÍ**
Þuríður og Kristinn hafa rætt við Björn Traustason, formann Skógræktarfélags Mosfellsbæjar um að Aðalfundur SÍ árið 2020 verði haldið í Mosfellsbæ og aðalhátiðin á Þingvöllum. Málið verður tekið fyrir á stjórnarfundum félagsins í kvöld og verður þar ákveðið hvort félagið sé tilbúið að taka að sér afmælisaðalfundinn. Rætt var um að hafa röð atburða þetta

sumar í tengslum við 90 ára afmæli SÍ. Málið verður rætt frekar á næsta stjórnarfund, þegar ákvörðun Sk.f. Mosf. liggur fyrir.

6. Landgræðsluskógar

Málið er í höndum skógræktarstjóra og landgræðslustjóra. Beðið hefur verið um fund með ráðherra til að ræða áframhald verkefnisins.

7. Kynningamál og viðburðadagatal í desember

Rætt um að kynna jólatrjáasölu skógræktarfélaganna og SÍ á samfélagsmiðlum, heimasíðunni og víðar. Ennfremur rætt um að efna til greinaskrifa til að hvetja fólk til að styðja skógræktarfélögin með því að kaupa íslensk jólatré.

8. Önnur mál

Landvernd hefur sagt upp leigusamningi um skrifstofuaðstöðu (40% af fletinum; 195 þús. kr. á mánuði) sem er í sameiginlegri eigu SÍ og Landgræðslusjóðs. Huga má að því að nýta aðstöðuna til námskeiðahalds ellegar að leigja þetta rými til utanaðkomandi aðila til skrifstofuhalds.

Stefnumótun Kolviðar er að mestu tilbúin en það vantar lokahnykkinn. Málið klárast vonandi fyrir áramót. Á síðasta fundi í stjórn Kolviðar var kynnt staðan um að auka þurfi gróðursetningu, fjölga fólk við gróðursetningar og ráðast í tækjakaup o.fl. fjárfestingar.

Umhverfisbomban. Kynntar voru hugmyndir um „viðbót við vöruúrval björgunarsveitanna um áramótin“: að björgunarsveitirnar selji fyrir áramót trjáplöntur sem SÍ annist að koma í jörð.

Jónatan kynnti hugmynd indverska sendiráðsins á Íslandi um að gróðursetja 150 tré í tilefni af því að 150 ár verða liðin frá fæðingu Mahatma Ghandi næsta haust. Stefnan er að gróðursetja trén 5. júní sem er alþjóðlegur dagur umhverfisins, annað hvort í Vinaskógi eða á Úlfljótsvatni.

Brynjólfur sagði frá fundi sem þeir Óskar Guðmundsson eru að fara á til Bergen til að ræða áframhald bókaskrif. Óskar er í rauninni búinn að skrifa heila bók. Gera á tilraun til að fá Norðmenn til að kosta prentun bókarinnar og tímabært að stjórnin fái að vita nánar um stöðu verkefnisins á næsta fundi.